

## Kosningafundur Geðhjálpar með frambjóðendum þriggja stærstu framboðanna í Reykjavík

# Um 60 manns á götunni

Húsnæðismál, úrræðaleysi í málefnum geðsjúkra og skólamála geðfatlaðra barna var meðal þess sem brann á gestum á fundi Geðhjálpar með fulltrúum þriggja stærstu framboðanna í Reykjavík í gær.

YFIRSKRIFT fundarinnar var „Hvað má bæta í borginni“ og sátu fulltrúar frá Reykjavíkurlistanum, Sjálfstæðisflokknum og lista Frjálslyndra og óháðra fyrir svörum. Í upphafsorðum Sigursteins Mássonar, formanns Geðhjálpar og fundarstjóra, kom fram að til hefði staðið að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Björn Bjarnason mættu fyrir hönd sinna lista en þau hefðu fœfallast á síðustu stundu. Í þeirra stað sat Björk Vilhelmsdóttir fundinn fyrir R-lista og Vilhjálmur P. Vilhjálmsson fyrir D-lista auk Ólafs F. Magnússonar fyrir F-lista.

Frambjóðendurnir höfðu sjö mínútur hver til framsögu á fundinum en að þeim loknum var opnað fyrir spurningar og kom sú fyrsta frá Sigursteini þar sem hann innti eftir því hvort þeir teldu það forgangsmál að málefni fatlaðra væru færð frá ríki til sveitarfélaga. Kom fram í svörum frambjóðendanna að þeir styddu flutning þessa málaflokks til sveitarfélaganna að því tilskildu að nægileg fjármagn fylgdi með í kaupunum.

Af spurningum gesta utan rú sal mátti ráða að húsnæðismál byrnu á þeim. Kona, sem er aðstandandi geðsjúklings, beindi þeirri spurningu til Björkar hversu margir geðfatlaðir hefðu verið á götunni fyrir átta árum þegar Sjálfstæðisflokkurinn skildi við stjórnartamana. Sagði hún um 60 manns á götunni núna og stór hluti þeirra væri geðklofasjúklingar. Björk sagðist ekki hafa handbærar tölur um fjölda þeirra sem voru á götunni fyrir átta árum. Alltaf hefðu einhverjir verið á götunni en hún væri sammála um að nú væri sá hópur allt of stór. Vilhjálmur kom einnig að þessari spurningu og sagði að biolistim eftir félagslegu leiguhúsnæði hefði verið um

250 manns fyrir átta árum en nú væri hann 635 manns. Hann sagðist hins vegar ekki vita hversu margir geðfatlaðir hefðu verið á götunni áður en R-listinn tók við stjórn borgarinnar.

### Geta ekki greitt af húsum sínum

Maður nokkur vék spurningu sinni að fólk sem væri í fullu starfi og ætti hús en yrði síðan fyrir því að veikjast. Innti hann eftir því hvort frambjóðendurnir myndu finna einhverja lausn fyrir þetta fólk til að borga af húsum sínum. Björk sagði fólk sem veiktist eiga rétt á félagslegri aðstoð umfram þann rétt sem það hefði til örorkubóta sem hægt væri að óska eftir þegar veikindi stöðjuðu. Ólafur taldi erfitt að gefa sérhæfða lausn við svo sérhæfðu vandamáli.

Þá var spurt hvað listarnir hygðust gera í málefnum fólks sem væri fast í viðjum leiguhúsnæðis og gæti ekki keypt eigið húsnæði. Benti Björk á að borgin væri nýbúin að semja við félagsmálaráðuneytið um uppbyggingu 600 leigubúða en nauðsynlegt væri að byggja upp góðan leigumarkað til að taka á þessu vandamáli. Vilhjálmur benti á að vandi þeirra sem væru að kaupa sér íbúðir væri stöðugt vaxandi og jafnvel þeir sem fengu 90% lán til íbúðarkaupna ættu í erfðileikum. Hann sagði vanskil aldrei hafa verið jafn mikil og nú og þeirri hugmynd hefði verið veit upp að veita 100% lán til húsnæðiskaupa. Að auki væri nauðsynlegt að byggja upp leiguhúsnæði.

Innt var eftir því hvort frambjóðendurnir hefðu einhverja heildræna lausn á vanda geðklofasjúklinga. Björk sagði þörf á að samræma heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu, búsetu og fjárhagslegt öryggi. Hún



Morgunblaðið/Kristinn

Björk Vilhelmsdóttir, Ólafur F. Magnússon og Vilhjálmur P. Vilhjálmsson sátu fyrir svörum á fundi sem Geðhjálpar stóð fyrir í lönó í gær.

sagðist telja að þetta þyrfti að vera samstarfsverkefni yfirvalda og þeirra félagsamtaka sem best þekkjá til en tilbúna lausn á vanda þessa hóps hefði hún ekki handbæra. Ólafur sagðist sömuleiðis ekki hafa svar við þessari spurningu en ábendingin væri þörf og hann myndi taka hana til athugunar innan síns flokks.

Ein spurningin laut að aðstæðum þeirra sem hafa átt við langvarandi veikindi að stríða, verið lengi á sjúkrahúsi og neyðst til að flytja til foreldra sinna að sjúkrahúsvist lokinni. Þetta fólk ætti erfitt um vik við að taka þátt í samfélaginu á ný. Var spurt hvað frambjóðendur væru tilbúnir að gera til að breyta þessu ástandi. Svaramið Björk því til að byggja þyrfti upp þjónustu sem gæti mætt þörfum hvers og eins á fast í forsendum því aðstæður fólks væru geróflíkar, félagslega og heilbrigðislega séð. Ólafur sagði þörf á að leita leiða til að virkja þessa einstaklinga í atvinnu og öðru því sem veitti því fullnaegu og tilgang. Vilhjálmur taldi nauðsynlegt að skapa fjárhagslegt og húsnæðislegt öryggi. Sömuleiðis þyrfti að veita þessu fólk hlýju og félagslega samveru.

Kona nokkur spurði út í skólamála geðfatlaðra barna. Hún sagði að til staði að leggja niður allar sérdeildir í grunnskólum og stofna í þeirra stað sérkennsluver í hverjum skóla fyrir sig en ljóst væri að fjöldi geðfatlaðra barna gæti ekki samlagast stórum þekkjardeldum. Innti hún eftir því hvort búið væri að móta það hvernig kennslu þessara barna yrði háttátt framfóðinni en skólamála þessa hóps hefðu verið í ólestri í mörg ár. Spurði hún hvort vilji væri til að breyta þessu þannig að geðföthúð börn hefðu tækifæri til að þroskast og læra.

Í svari Vilhjálmsson kom fram að ekki væri komið á hreint hvernig kennslu þessa hóps yrði háttátt en hann taldi að með því að leggja niður sérdeildir væri verið að veikja mikilvægan bakgrunn barnanna. Hins vegar væri ekki komið í ljós hvernig þetta myndi virka. Hann benti á að þróunin á undanförnum árum hefði verið sú að fjármagn til málaflokksins hefði aukist. Ólafur taldi mikilvægt að menn færu ekki fram úr sjálfum sér í hugmyndafræðinni sem væri að rjúfa einangrun þessara barna. Björk sagði hins vegar sína skoðun vera þá að skólarnir ættu að vera án aðgreiningar á sama hátt

og hún vildi samfélag án aðgreiningar. Hún sagði um eitt prósent geðfatlaðra barna þurfa á sérskóla að haka og benti á að síðastliðað haust hefði nýr skóli fyrir geðföthúð börn verið opnaður auk þess sem Einholtsskóli væri enn starfandi. Þá lagði hún áherslu á að í öllum skólum borgarinnar yrðu sérkennsluver sem myndu sinna sérþörfum þessara barna.

### Ekki geðsjúkir eftir 67 ára aldur

Loks var spurt um sýn á öldrunarþjónustu geðsjúkra og á það bent að samkvæmt laganna bókstaf væru þeir ekki geðsjúkir eftir að 67 ára aldri væri náð þrátt fyrir að þörf þeirra fyrir þjónustu sem geðsjúkir hefði ekki minnað með aldri. Var lýst eftir úrlausn fyrir þetta fólk. Björk sagði í svari sínu að innan Félagsþjónustu borgarinnar væru ekki lengur takmarkanir byggðar á aldri og því myndi þetta breytast yrðu málefna fatlaðra flutt til sveitarfélaga. Ólafur sagðist telja að þjónusta utan stofnana væri ekki nægilega samhefð. Sagði hann að aukin viðsýni í þessari kenningu myndi rjúfa einangrun aldraðra geðsjúklunga. Þá sagðist Vilhjálmur sjá fyrir sér að öldrunarþjónusta geðsjúkra gæti átt sér stað með aukinni uppbyggingu hjúkrunarrýmis með því að þar gætu aktraðir geðsjúkir átt sín rými.

Í lok fundar lýsti fundarstjóri eftir loforðum um það sem frambjóðendurnir myndu leggja mesta áherslu á í málefnum geðsjúkra kemast þeir til valda og gekk hart eftir skýrum svörum. Sagðist Björk lofa því að gera átak í húsnæðismálum geðfatlaðra, Ólafur lofaði því að setja í forgang aðstoð og þjónustu við fatlaða og loks sagðist Vilhjálmur lofa auknum stuðningi við félagsamtök eins og Geðhjálpar og Geysi, átaki í húsnæðismálum og að þetta sér fyrir því að atvinnuþátttaka fatlaðra yrði meiri en nú er.

## Hvert er hægt að leita þegar búið er að leita alls staðar?

MADUR nokkur á fundinum óskaði eftir að hafa eftirfarandi aðdraganda að spurningu sinni. „Einn sona minna er geðklofa afbrotamaður með ofsóknarivaði svo notuð séu orð geðlæknisins sem fenginn var til að meta hann eftir stórfeltt afbrot fyrir tíu árum. Samt mat lækniinn svo að sonur minn væri sakhæfur.

Síðan hefur hann verið í afplánu á Litla-Hrauni, Sogni, Gunnarsholti og víðar og nú síðast í Byrginu. Sonur minn er nú búinn að brenna allar brýr að baki sér með erfðri hegðun og ofbeldisverjum og nú er svo komið að enginn í kerfinu vill af honum vita eða hýsa hann. Fjölskylda hans er langþreytt og hrædd og viss um að það er aðeins tímáspursmál hvensar hann vinnur eitthvert vöðverk sem aldrei verður bætt. Nú er sonur minn á götunni og kann ekkert á lífið utan fangelsismúranna en innan þeirra hefur hann dvalið að meira eða minna leyti undanfarin tólf ár.

Hann hefur engan lækni, hefur ekki fengið viðeigandi geðlyf mánuðum saman og ekki heldur meðferð. Hann þekkir engan nema samfanga og fíkla og kann ekki almennar umgengnisreglur eða mannaþö og hefur engan félagslegan þroska til að takast á við

lífið. Enginn vill sjá hann, enginn vill fá hann. Hvert er hægt að leita þegar búið er að leita alls staðar?”

Björk sagði hræðilegt að heyrja af svona málum og ekki væri hægt að vísa á einn stað í slíku tilfelli. Hún sagði umræddan mann hugsanlega ekki þann eina sem væri í þessum sporum. Samstarf margra þyrfti til að gera bragarbót á og borgin væri bara einn hlekkur í langri keðju sem þyrfti að vera til staðar.

Ólafur sagði átakanlegt að hlusta á sögu mannsins og sagðist telja að heilbrigðiskerfið ætti að ná til manna í slíkri aðstöðu en að auki þyrfti þeir á félagslegri aðstoð að halda.

Vilhjálmur rifjaði upp að þegar hann var framkvæmdastjóri SÁÁ fyrri tuttugu árum hafi hann kynnst fjölda fólks sem ætti í miklum persónulegum erfðileikum og þá hafi úrræðin verið fá. Því miður hafi þeim ekki fjölgað mikið. Hann sagði að ekki ætti að velta boltanum milli ríkis og sveitarfélaga og spyrja um ábyrgð þessara aðila heldur einhenda sér í verkið og auðvitað gætu sveitarfélögin haft þar forystu eins og í mörgum öðrum málum. Hugsa mætti sér að byggja vernduð samþýli fyrir slíkt fólk þar sem væri bæði stuðningur og eftirlit.